

# STJÓRNARTÍÐINDI B 5 – 2004

---

14. janúar 2004

9

Nr. 10

## REGLUGERÐ

### um tímabundið bann við loðnuveiðum.

#### 1. gr.

Frá og með 15. janúar til og með 29. janúar 2004 eru allar veiðar á loðnu bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

#### 2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 14. janúar 2004.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Eyþórsson.*